

Stofnanasamningur
Náttúrustofu Suðvesturlands
og
Félags íslenskra náttúrufræðinga

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem ráðnir eru til starfa hjá Náttúrustofu Suðvesturlands. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og Náttúrustofunnar dags. 7. desember 2007.

2. Almennar skilgreiningar

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka

Röðun starfs byggir á starfslýsingum og miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar.

Skilgreining á starfsheitum og röðun í launaflokka byggist m.a. á viðvarandi verksviði, ábyrgð og menntun. Við mat á ábyrgð skal taka mið af faglegrri, fjárhagslegri, stjórnunarlegri ábyrgð og ábyrgð á verkum. Líta skal til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs skipulags. Líta til atriða eins og umfangs starfs, verkefna, álags viðfangsefna sem í starfinu felast. Líta skal til þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing/fyrri reynsla) sem þarf til að geta innt starfið af hendi og sjálfstæðis sem viðkomandi hefur í vinnubrögðum.

Í tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum starfsheita er heimilt með samkomulagi í samstarfsnefnd að raða honum sérstaklega.

3.1 Skilgreiningar starfsheita

Eftirfarandi starfsheiti miða við grunnmenntun starfsmanns (BS/BA) og er skilgreining starfsheita og launaflokkur eftirfarandi:

| <i>Starfsheiti</i> | <i>launaflokkur</i> |
|---|---------------------|
| <i>N-I Náttúrufræðingur</i> án starfsreynslu. Hann starfar undir daglegri stjórn og leiðsögn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkefna sem honum eru falin. Eftir 3 mánuði í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið S-I | 6 |
| <i>S-I Sérfræðingur</i> sem vinnur sjálfstætt að verkþáttum eða verkefnum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Eftir 12 mánuði í starfi sem S-I flyst starfsmaðurinn í starfsheitið S-II. | 9 |

| | | |
|--------------|---|----|
| <i>S-II</i> | <i>Sérfræðingur</i> sem hefur umsjón með verkefnum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. | 11 |
| <i>S-III</i> | <i>Sérfræðingur</i> sem hefur umsjón með stærri verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við sviðsstjóra eða forstöðumann. | 14 |
| <i>V</i> | <i>Verkefnisstjóri</i> hefur umsjón með og ber ábyrgð á verksviði sem felur í sér verkstjórn (aðstoðarmann eða annarra sérfræðinga). Hann sinnir faglegri ráðgjöf, þróun og gerir rannsóknaráætlanir í samráði við forstöðumann eða sviðsstjóra. | 17 |
| <i>S</i> | <i>Sviðsstjóri</i> er yfirmaður sviðs skv. skipuriti. Hann stjórnar því, hefur mannaforráð og er ábyrgur fyrir starfsemi þess gagnvart forstöðumanni stofunnar. Hann mótar stefnu sviðsins, skipuleggur og hefur umsjón með umfangsmiklum þverfaglegum verkefnum. | 20 |
| <i>F</i> | <i>Forstöðumaður</i> annast stjórnun, áætlanagerð og sér um daglegan rekstur Náttúrustofunnar og er ábyrgur fyrir samskiptum við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, fjölmiðla og ráðuneyti. Hann tekur einnig þátt í rannsóknum og þjónustuverkefnum sem fram fara á vegum stofunnar eins og kostur er hverju sinni. | 25 |

3.2 Þættir sem bætast við grunnröðun

Raða skal í launaflokk m.t.t.:

- a) starfsbundinna þátta.
- b) einstaklingsbundinna þátta

Þar gildir eftirfarandi:

3.2.1 Starfsbundnir þættir

3.2.1.1 Viðbótarmenntun

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal hún metin til viðbótar við grunnröðun til launaflokka sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| • Diplóma eða sambærilegt nám (60 ECTS) | 2 launaflokkar |
| • Meistaránám (90-120 ECTS) | 4 launaflokkar |
| • Doktors- eða sambærileg gráða (180 ECTS) | 6 launaflokkar |

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

3.2.1.2 Aðrir viðvarandi starfsbundnir þættir

Mat á starfsbundnum þáttum fer fram árlega og getur leitt til hækkunar á launum. Mati skal lokið í nóvemberlok ár hvert. Svo að tryggt sé að ákvörðun sé tekin með málefnalegum hætti og jafnræðis sé gætt fer fulltrúi stéttarfélags árlega yfir matið.

Álag

Ábyrgð

Umfang starfs

Frammistaða

Leiðbeining og fræðsla

Virk þátttaka út á við í kynningar- og uppfræðslustarfi

Vinna með nefndum, stofnunum, ráðuneytum eða samsvarandi erlendum aðilum

Þættirnir eru metnir til stiga, hver þáttur gefur hæst 3 stig.

- Hver 3 stig eru metin til 1 launaflokks

3.2.2 Einstaklingsbundnir þættir

3.2.2.1 Menntun sem nýtist í starfi

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins (3.1 og 3.2.1.1). Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 ECTS) leiði til hækkunar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 launaflokka og doktors- eða sambærileg gráða um 6 launaflokka, en þó aldrei hærra en launataflan leyfir. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Endurmenntun:

Endur- og símenntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

Námskeið vega minnst 1 ECTS einingu og mest 10 ECTS einingar. Námskeið séu haldin af viðurkenndum aðilum (s.s. Endurmenntunarstofnun HÍ, stéttarfélögum eða fagfélögum). Námsdvöl við stofnanir eða önnur skipulögð menntun á háskólastigi getur gefið allt að 20 ECTS einingar.

- 30 ECTS einingar eru metnar til 1 launaflokks

Hámarksfjöldi launaflokka sem fæst með endurmenntun er 4 launaflokkar.

3.2.2.2 Reynsla:

Með starfsreynslu í samningi þessum er bæði átt við:

a) Fagreyngslu

1. vinnu á fagsviði eftir að háskólanám er hafið
2. nám og vinnu á fagsvið að loknu BSc/BA prófi.

| | |
|------|-----------------------------|
| 1 ár | 1 launaflokkur |
| 3 ár | 1 launaflokkur til viðbótar |
| 5 ár | 1 launaflokkur til viðbótar |
| 7 ár | 1 launaflokkur til viðbótar |

b) Starfsreynslu innan Náttúrustofu

| | |
|-------|-----------------------------|
| 10 ár | 1 launaflokkur til viðbótar |
| 15 ár | 1 launaflokkur til viðbótar |

4. Tímabundin vik frá verksviði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu eða viðvarandi verksviði hans á stofu skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Gera skal tímabundinn sérsamning um starfsskyldur og greiðslur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 18 mánuði á 24 mánaða tímabili á þessum kjörum verða þau varanleg.

5. Endurmat starfskjara

Einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin sameiginlega og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans innan ramma skv. gr. 3-4 í samningi þessum og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfaflokks (starfsheiti). Yfirmaður boðar enn fremur hvern starfsmann á fund til að ræða starf og starfssvið hans.

6. Endurmat röðunar

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur samstarfsnefndar um röðun, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla núgildandi kjarasamnings.

7. Greiðslur vegna skrifa, fyrirlestrahalds og veggspjalda

Greiðslum vegna skrifa er ætlað að vera afkastahvetjandi og þannig stuðla að hraðari fullvinnslu gagna. Einnig er þeim ætlað og að styrkja ímynd Náttúrustofunnar, enda getur slík kynning aukið álit á stofunni fyrir vísinda og fræðslustarf. Greiðslur samkvæmt þessari grein ná einungis til starfsmanna Náttúrustofunnar en ekki til annarra aðila sem kunna að vera samstarfsaðilar eða meðhöfundar á viðkomandi þætti. Aðeins er greitt fyrir þætti sem eru á fagsviði Náttúrustofunnar og gerðir eru í nafni hennar og með fyrirfram samþykki forstöðumanns eða stjórnar hennar.

Greitt er í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi:

A. Skriftir -frágangur verkefna

Greitt er fyrir ritsmíðar í hlutfalli við höfundafjölda samkvæmt eftirfarandi:

Tveir höfundar: fyrsti höfundur 60%, annar höfundur 40%.

Þrír höfundar eða fleiri: fyrsti höfundur 50% og hin 50% skiptast jafnt milli meðhöfunda.

Heimilt er að skipta hlutfalli á greiðslum með öðrum hætti sé samkomulag um það milli höfunda, þ.e. séu fleiri en einn sem koma að ritsmíðinni og skal tímafjöldi deilast niður eftir samkomulagi hlutaðeigandi.

Innlend rit

Heildargreiðslur fyrir óritrýndar greinar skal nema 5 yfirvinnustundum fyrir minni greinar (t.d. blaðgreinar), 10 yfirvinnustundir fyrir miðlungsgreinar og 20 yfirvinnustundir fyrir viðamiklar greinar. Greinar þurfa að vera birtar opinberlega, rafrænt eða prentað.

5 – 20

Innlend fagrit (ritrýnd) **30 – 40**

Fyrir minni greinar (styttri en 3 bls.) í ritrýndu innlendu riti eru greiddar 30 yfirvinnustundir. Fyrir stærri greinar (3 bls. eða lengri) fást greiddar 40 yfirvinnustundir.

Erlend fagrit (notes eða brief communications) **50**

Fyrir stuttar erlendar greinar (notes, brief communication), bókarkafla og ritstjórn á fræðibók eru greiddir 50 yfirvinnutímar.

Erlend fagrit (ritrýndar greinar og yfirlitsgreinar) **80 – 100**

Fyrir bók, fræðirit og hverja grein í ritrýndu erlendu vísindariti (3 bls. eða lengri) eru greiddir 80 yfirvinnutímar. Fyrir birtingu í ISI tímaritum með 20% hæsta áhrifastuðulinn (e. impact factor) í sínum flokki eru greiddir 100 yfirvinnutímar.

Bækur eða bókakaflar eru metnir sem ígildi greina.

B. Óvenju umfangsmikil verkefni **10 – 100**

Fyrir umfangsmikil verkefni s.s. ráðstefnur, koma upp tækjabúnaði, undirbúningur og skipulag nýrra verkefna

C. Fyrirlestrar og veggspjöld

Fyrir fyrirlestra sem fluttir eru að beiðni eða í samráði við forstöðumann og eru um málefni á starfssviði Náttúrustofu Suðvesturlands:

| | |
|--|----|
| Erindi/fyrirlestur á ráðstefnu | 10 |
| Erindi á smærri málþingum, málstofum og vinnusmiðjum | 5 |
| Veggspjaldakynning á vísindaráðstefnu | 8 |
| Veggspjaldakynning á smærri málþingum, málstofum og vinnusmiðjum | 5 |

8. Hlífðarfatnaður

Stofnunin sér starfsmönnum fyrir nauðsynlegum hlífðarfatnaði við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp. Hlífðarfatnaður falli að þörfum hvers starfs og getur verið einstaklingsbundinn eða samnýttur. Dæmi um einstaklingsbundinn hlífðarfatnað er vind- og regnheldur göngujakki og buxur (goretex eða sambærilegt), gönguskór, flíspeysa, húfa og vettlingar. Dæmi um samnýttan hlífðarfatnað er vöðlur, rannsóknasloppur, gúmmístígvél, gúmmígalli og gúmmíhanskar.

Stofnunin getur farið fram á að hlífðarfatnaður og áhöld séu merkt stofnuninni. Ef starfsmaður telur að hlífðarfatnaður eða áhöld sem stofnunin veitir uppfylli ekki þær kröfur sem starfsmaðurinn gerir er í undantekningartilvikum hægt að semja um að starfsmaður fái greiðslu sem samsvarar þeim kostnaði sem stofnunin ber vegna annarra starfsmanna og að starfsmaður útvegi sér sjálfur viðkomandi hlífðarfatnað eða áhald.

9. Ákvæði vegna ferða

Reglur sem gilda um ferðir er að finna í fylgiskjali 1.

10. Ákvæði um endurskoðun


Aðilar eru sammála um að endurskoða stofnanasamning þennan árlega ef annar hvor aðili óskar þess.

10. Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. september 2017.


Reykjavík, 11. apríl 2018

f.h. Náttúrustofu Suðvesturlands





f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga





Samkomulag Náttúrustofu Suðvesturlands og Félags íslenskra náttúrufræðinga um laun námsmanna í raungreinum

1. Samkomulag þetta nær til þeirra námsmanna í raungreinum sem eiga aukaaðild að Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og starfa hjá Náttúrustofu Suðvesturlands. Aukafélagi hefur lokið a.m.k. 30 einingum til fyrsta háskólaprófs í raungreinum.
2. Námsmaður skal raðast í launaflokka sbr. kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra, eins og hann er á hverjum tíma.


Röðun í launaflokk verði sem hér segir:

| | |
|--|---|
| Námsmaður sem lokið hefur 30 einingum. | 1 |
| Námsmaður sem lokið hefur 60 einingum. | 2 |
| Námsmaður sem lokið hefur 90 einingum. | 3 |

3. Laun skv. samkomulagi þessu séu einungis greidd þeim sem rétt eiga að aukaaðild að FÍN.
4. Gildistími samkomulags þessa er frá 1. september 2017. Heimilt er að endurskoða samkomulagið á sama tíma og stofnanasamning Náttúrustofu Suðvesturlands og FÍN.

Reykjavík, 11. apríl 2018

f.h. Náttúrustofu Suðvesturlands



f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga




Fylgiskjal 1– Ferðir

Fylgiskjal þetta gildir um ferðir hvort sem um er að ræða ferð sem farin er innanlands eða til útlanda. Gerður er munur á eðli ferða með tilliti til þess hvers konar ferð er að ræða, tilefni hennar og aðdraganda. Þegar ferðaheimild er veitt skal yfirmaður láta félagsmanni FÍN í té staðfestingu á því í hvaða flokk ferðin falli.

Náttúrufræðingur á alltaf kost á að njóta 11 klst. hvíldar strax að lokinni ferð án skerðingar á launum og orlofi, án tillits til eðlis eða tilefnis ferðarinnar.

A-ferð

Ferð sem farin er vegna verkefnis þar sem öll vinna og ferðatíma er greiddur af verkkaupa. Í slíkri ferð skal greidd yfirvinna bæði fyrir ferðatíma og vinnutíma umfram dagvinnu.

B-ferð

Ferð sem farin er að beiðni yfirmanns stofunnar, s.s. vegna samvinnuverkefnis, á ráðstefnur eða vinnufundi í samvinnuverkefnum. Ferðatíma skal miða við brottför frá heimili eða vinnustað þar til komið er á fundarstað eða að hóteli og öfugt á heimleið.

Samkomulag skal vera milli starfsmanns og yfirmanns hvernig gengið er frá uppgjöri vegna yfirvinnu vegna ferðarinnar. Sé yfirvinna unnin í ferð á starfsmaður rétt á að taka hana út í frí Starfsmenn skulu ennfremur eiga rétt á að taka frí eftir að heim kemur vegna fundartíma eða ferðalaga sem fara fram á almennum eða sérstökum frídögum hér á landi. Frí skal taka út eins fljótt og unnt er og eigi síðar en tveimur vikum eftir að ferð lýkur, nema sérstök atvik hamli eða samið sé um annað áður en ferð hefst.

C-ferð

Ferð sem farin er að ósk starfsmanns, s.s. ráðstefnuferðir, námsferðir, kynnisferðir eða ferðir á sýningar. Dagvinna er greidd í ferðinni, en hér er hvorki greiddur ferðatími né skapa slíkar ferðir rétt til frítöku þótt ferðalag eða annar hluti ferðar falli á almennan eða sérstakan frídag.